

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 135. fundur haldinn mánudaginn 10. október 2016 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir Minjastofnunar Ísl. sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur á biskupsstofu og Hjalti Zopaniásson, lögfræðingur og fyrrverandi skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl:14:00. Fundargerðir síðastu tveggja funda lagðar fram og samþykktar

### 2. Ábendingar við drög að breytingum við lög nr. 36 frá 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Farið var yfir nokkur vafaatriði sem Kirkjugarðaráð hafði óskaði eftir að ræða við Guðmund Þór og Hjalta, en þeir höfðu sérstaklega verið boðaðir á fundinn vegna þess. Formanni var falið að koma með tillögu að ákvæði um hver stjórnar atburðarás frá andláti til greftrunar svo og um merkingu leiða. Einnig voru ræddar hugmyndir að stofnun úrskurðanefndar um ágreining um kirkjugarðamál.

### 3. Skýrsla Hugsmiðjunnar um kirkjugarðavefinn gardur.is

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Hugsmiðjan hefur unnið greiningu kerfisins og mati á nauðsyn á endurbótum á gardur.is. Fram kom að vefurinn þarfnast verulegra endurbóta og metur Hugsmiðjan það svo að betra sé að hanna nýjan vef. Ákveðið að fá Arnfinn Einarsson umsjónarmann vefsins gardur.is á næsta fund til að kynna vefinn.

### 4. Ársreikningur kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2015

Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

### 5. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 14. nóvember kl:14:00

### 6. Önnur mál

Fundi slitið 16:35.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari